

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir gjald fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 885/2021.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 283.979.

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Fráveitugjald skal nema 0,27% af álagningarstofni húss. Hámarksálagning á íbúðarhús er kr. 57.558. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurföfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 19. gr. samþykktar um fráveitur í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi: Rotþró kr. 15.572.

5. gr.

Fyrir hverja aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila.

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 42.972, auk kr. 583 þóknunar fyrir hvern ekinn kílómetra.

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð, kr. 102.661 auk kr. 583 þóknunar fyrir hvern ekinn kílómetra.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 6. desember 2023 er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar nr. 885/2021 um fráveitur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1724/2022.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 6. desember 2023.

Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 28. desember 2023